Kannað hvort Air Viking á kröfur á hendur Sunnu

AÐ SÖGN Unnsteins Beck skiptaráðanda í Reykjavík, mun það einhvern tíma á næstunni verða kannað hvort þrotabú Flugfélagsins Air Viking eigi hugsanlega kröfur á hendur Ferðaskrifstofunni Sunnu. Sem kunnugt er voru þessi tvö fyrirtæki rekin af sömu aðilum og var Sunna langstærsti viðskiptavinur Air Viking.

Unnsteinn Beck sagði að það myndi verða kannað í bókhaldi Air Viking hvaða kjara Sunna naut hjá Flugfélaginu. Ef það kæmi í ljós að leigan á flugvélunum væri það lág að ekki fengi staðist, myndu kröfuhafar hugsanlega fara fram á viðbótargreiðslur frá Sunnu þannig að raunhæft leiguverð fengist. Sagði Unnsteinn að bera þyrfti saman bókhald Air Viking, þar sem koma fram greiðslur Sunnu til félagsins og leiðarbækur flugvéla, en þar væru skráðar allar flugferðir. Sagði Unnsteinn að niðurstöðurnar myndu síðan verða lagðar fyrir skiptafund.

Loks var Unnsteinn að því spurður hvort enn bærust kröfur í bú Air Viking og kvað hann svo vera. Ekki hafði hann handbærar nákvæmar tölur um upphæð krafna. Innköllunarfrestur er úti í júlímánuði n.k.

Afneitar stuðningi við Z

EGGERT G. Þorsteinsson alþingismaður hefur beðið Morgunblaðið að geta þess, að það sé ekki rétt, sem haft er eftir Sverri Hermannssyni í blaðinu í gær, að hann, Eggert, styðji frumvarpið um z. Eggert kvaðst hafa greitt atkvæði með því í efri deild að vísa frumvarpinu til ríkisstjórnarinnar og sjá þannig um að það fengi hægan dauðdaga.

Framkvæmdum Ísl. járnblendifélagsins frestað áfram

Viðræður í gangi við Union Carbide og Elkem Spigerverket

Á STJÓRNARFUNDI í Íslenzka járnblendifélaginu hf. í gær voru til umræðu hugsanlegar breytingar á eignaraðild einstakra hluthafa í félaginu, en sem kunnugt er hefur komið til tals að Union Carbide dragi sig út úr félaginu og jafnframt því hefur iðnaðarráðuneytið átt viðræður við fulltrúa Elkem-Spigerverket a/s í Noregi, sem hugsanlega aðila að Íslenzka járnblendifélaginu, ef Union Carbide skyldi semja um að draga sig til baka.

Morgunblaðið óskaði nýlega eftir yfirlýsingu frá forráðamönnum Union Carbide vegna þessa máls, og í svari sínu lagði talsmaður félagsins áherslu á að óhagstæðar markaðshorfur í kísiljárni á Evrópumarkaði vegna spár um hægari þróun í stáliðnaði Evrópu yllu því að hagkvæmni Járnblendiverksmiðjunnar hefði að mati Union Carbide versnað.

Union Carbide gat þess, að sjónarmið þeirra þyrfti ekki að fara saman við sjónarmið annarra framleiðenda járnblendis varðandi framtíð Íslenzka járnblendifélagsins h.f.


Þrír fulltrúar frá Union Carbide komu hingað til lands vegna stjórnarfundarins í gær, og áttu þeir viðræður við fulltrúa iðnaðarráðuneytisins um þann möguleika að fyrirtækið dragi sig út úr Íslenzka járnblendifélaginu. Að sögn Ásgeirs Magnússonar, forstjóra Íslenzka járnblendifélagsins, munu þessar viðræður halda áfram, og jafnframt verða frekari viðræður milli Elkem í Noregi og íslenzlra aðila, en meðan á þessum viðræðum stendur verður framkvæmdum á vegum félagsins frestað áfram.



Tónleikar á Raufarhöfn, Mývatnssveit og Húsavík

DAGANA 22., 23. og 25. maí halda þau Margrét Bóasdóttir sópransöngkona, Kjartan Óskarsson klarinettleikari og Hrefna Unnur Eggertsdóttir píanóleikari tónleika í félagsheimilinu Hnitbjörg Raufarhöfn, Skjólbrekku Mývatnssveit og í félagsheimilinu á Húsavík.

Á efnisskrá eru sönglög eftir íslenska og erlenda höfunda verk fyrir klarinett og píanó eftir Saint Saëns og Pierné, verk fyrir píanó eftir Brahms og Debussy og verk fyrir sópran, klarinett og píanó eftir Spohr og Schubert.



Jóhanna sýnir í Gallery SÚM

LAUGARDAGINN 22. maí 1976, kl. 4.00 opnar Jóhanna Bogadóttir myndlistarsýningu í Gallerí SÚM, Vatnsstíg 3B, Rvk.

Jóhanna er fædd í Vestmannaeyjum árið 1944; hún stundaði nám í París, S-Frakklandi og Kaupmannahöfn. Þetta er þriðja einkasýning hennar í Reykjavík, en alls hefur hún haldið sjö einkasýningar úti á landi og auk þess tekið þátt í fjölda samsýninga hér heima og erlendis. Um þessar mundir tekur hún m.a.

Framhald á bls. 20

Vitni vantar

MIÐVIKUDAGINN 5. maí klukkan 10.05—10.20 var ekið á bifreiðina R-39625, á bifreiðastæði framan við Vörumarkaðinn í Ármúla. Hægra afturbretti var beyglað og hægri hurð einnig. Hin skemmda bifreið er af gerðinni Fiat 128. Líklegt er að tjónvaldurinn hafi verið blágrá bifreið.

Grafíksýning að Kjarvalsstöðum

FÉLAGIÐ Íslenzk grafík vinnur nú að yfirlitssýningu á íslenzkri grafík frá upphafi. Í fréttatilkynningu frá félaginu segir að greiðlega hafi gengið að safna myndum á sýninguna en þó hafi þeir er að sýningunni vinna grun um að grafíkmyndir, t.d. tréristur, litógrafíur, ætingar o.fl. séu í eigu ýmissa aðila sem félagið hafi ekki náð í. Væri sýningarnefndin þakklát ef fólk ætti eða gæti bent á grafíkmyndir eftir íslenzka listamenn og vildu lána þær á fyrrnefnda sýningu.

Sýningin verður að Kjarvalsstöðum á listahátíð sem verður opnuð 4. júní. Þeir sem eiga eða geta bent á grafíkmyndir sem hægt er að fá léðar á sýninguna geta hringt í Jón Reykdal, Ólaf Kvaran eða Þórð Hall.

Volkswagen — Audi bílasýning

verður í sýningarsal okkar að Laugavegi 172,
laugardag frá kl. 12.00 til kl. 19.00
sunnudag frá kl. 10.00 til kl. 20.00

Þar verða sýndir:

Audi — Passat — GOLF — Volkswagen 1200 — sendibílar

Kynnum sérstaklega hinn nýja
LT SENDIFERÐABÍL

Komið, skoðið og reynsluakið
Audi-GOLF-og LT-sendibílinn

Volkswagen Audi HEKLA HF.
Laugavegi 170—172 — Sími 21240